

Sigfúsarstofa – Miðstöð fræða og sögu á Austurlandi

Fyrsti fundur stjórnar Sigfúsarstofu, haldinn kl. 15 þann 23. ágúst 2021 í Samfélagssmiðjunni á Egilsstöðum. Mætt voru Stefán Bogi Sveinsson, Signý Ormarsdóttir, Baldur Pálsson og Unnur Birna Karlsdóttir. Rannveig Þórhallsdóttir hafði boðað forföll og Sigrún Blöndal varamaður hennar einnig.

Fulltrúar í stjórn höfðu verið settir eftirfarandi:

Fulltrúi skipaður af atvinnu- og menningarmálastjóra Múlaþings: Rannveig Þórhallsdóttir og Sigrún Blöndal til vara.

Fulltrúi meirihluta í sveitarstjórn: Signý Ormarsdóttir og Anna Alexandersdóttir til vara.

Fulltrúi minnihluta í sveitarstjórn: Baldur Pálsson og Elfa Hlín Pétursdóttir til vara.

Fulltrúi forstöðumanna safna í Safnahúsinu: Stefán Bogi Sveinsson og Elsa Guðný Björgvinsdóttir til vara.

Fulltrúi Sögufélags Austurlands: Unnur Birna Karlsdóttir og Gunnlaugur Haraldsson til vara.

Ofangreind voru boðuð til fundar, aðalmenn ellegar þá varamenn.

Til þessa fyrsta fundar boðaði Óðinn Gunnar Óðinsson skrifstofustjóri Múlaþings sem jafnframt sat byrjun fundar og gerði grein fyrir forsögu að stofnun stofunnar, stofnskrá hennar og drögum að samningi við Helga Hallgrímsson náttúrufræðing og rithöfund en hluti safnkosts og starfsemi Sigfúsarstofu mun snúast um skráningu og varðveislu á rannsóknargögnum Helga, bókum, skjölum og ljósmyndum.

Dagskrá

1. Stjórn skiptir með sér verkum. Formaður er Stefán Bogi Sveinsson, ritari Unnur B. Karlsdóttir og meðstjórnendur Baldur Pálsson, Rannveig Þórhallsdóttir og Signý Ormarsdóttir
2. Umræða um stofnun Sigfúsarstofu, stofnsamning og væntanlega stefnumótun, fjárframlag sveitarfélagsins Múlaþings á árinu að upphæð 800 þús. kr. og drög að samningi við Helga Hallgrímsson.
3. Framundan er að fara yfir drög að samningi við Helga Hallgrímsson og ganga frá lokagerð samnings. Formanni nefndar falið að senda erindi á Helga í þessu sambandi til samráðs um lokagerð samnings í samvinnu við stjórn stofunnar.
4. Formanni nefndar falið að hafa samband við byggingarnefnd Safnahússins á Egilsstöðum til að fá upplýsingar um hvert pláss og sess Sigfúsarstofa fái í væntanlegri nýbyggingu í Safnahúsi.
5. Rætt um erindi Skúla Björns Gunnarssonar forstöðumanns Gunnarsstofnunar um væntanlega Sigfúsar- og Óskarsvöku 27. okt. n.k. en Óskar Halldórsson fræðimaður úr Hjaltastaðaðaþinghánni hefði orðið 100 ára 27. október nk. Hann bar hitann og þungann af útgáfu á þjóðsögum Sigfúsar Sigfússonar á 9. áratugnum. Uppi er hugmynd um að efna til samkomu á Héraði í tilefni afmælisins sem yrði þá blanda af fróðleik og skemmtan. Gunnarsstofnun hefur boðist til að hafa samkomuna á Skriðuklaustri og koma að dagskrá og kynningu.

Stjórnarmenn eru sammála um að leggja viðburðinum lið, tilefnisins vegna. Nánar ákveðið á næsta fundi með hvaða hætti innlegg stjórnar Sigfúsarstofu verður og hvert fjárframlag verður lagt til í ljósi nánari upplýsinga um þau efni þegar nær dregur.

Formanni nefndar falið að hafa samband við Skúla Björn vegna málsins.

6. Næsti fundartími ræddur og ákveðinn, með fyrirvara um þörf á breytingum. Næsti stjórnarfundur skal haldinn 20. sept. n.k. og þriðji fundur stjórnar þann 15. nóv. n.k.
7. Rætt um tækifæri og möguleika til styrkumsókna. Rætt um ýmis tækifæri í því og nöfn mögulegra sjóða að sækja um í, þar á meðal eru t.d. Uppbyggingarsjóður, Samfélagssjóður Fljótsdalshrepps, Alcoa og fleiri. Þessari umræðu verður haldið áfram og hugsað um í hvaða sjóði hin nýja Sigfúsarstofa geti sótt um í, annars vegar til stofnunar og rekstrar og hins vegar til verkefna.
8. Rætt um næstu skref, hvaða verkefni er hægt að hefja hið fyrsta til að nýta fjárveitingu sveitarfélagsins á árinu 2021, og gera í því sambandi verk- og tímaáætlun og kostnaðar- og fjármögnunaráætlun. Samþykkt er að hefjast handa við skráningu ljósmyndasafns Helga Hallgrímssonar strax í september á þessu ári, ef um semst, og yrði á vegum Héraðsskjalasafns Austfirðinga/Ljósmyndasafns Austurlands og unnið af sérfræðingi í stöðu hjá skjalasafninu í nánu samráði við Helga Hallgrímsson.
9. Fyrir liggur á næsta fundi þann 20. sept. að gera fjárhagsáætlun fyrir Sigfúsarstofu á árinu 2022, og taka ákvarðanir um styrkumsóknir.
10. Frekari umræða um hlutverk og verkefni Sigfúsarstofu fari fram á öðrum og þriðja fundi stjórnar, sbr. ofangreint um dagsetningar funda samkvæmt fyrirbyggjandi ákvörðun stjórnar nú.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 17.10.

Fundargerð ritaði Unnur B. Karlsdóttir.